

Hafnarfjörður 05.05-2014

Tillögur að aðgerðaráætlun – Læsi í Hafnarfirði

1. Skipaður verði stýrihópur sem heldur utan um áframhaldandi vinnu og þróun læsisstefnu í Hafnarfirði. Í honum verði 3 fulltrúar frá skólaskrifstofu, einn fulltrúi skipaður af skólastjórum grunnskóla og einn fulltrúi skipaður af skólastjórum leikskóla. Stýrihópur taki sem fyrst til starfa.
2. Markmið stýrihóps : Að unnin verði heildstæð læsisstefna fyrir leik- og grunnskóla í Hafnarfirði.
3. Að sett verði fram mælanleg markmið um hvaða árangur við viljum sjá af starfinu t.d eftir 1 ár, 3 ár, 5 ár. Lögð verði áhersla á samræmdar reglulegar aldurstengdar skimanir í lestri í grunnskólum Hafnarfjarðar.
4. Hver skóli móti sína eigin læsisstefnu sem taki mið af sameiginlegri og heildstæðri læsisstefnu Hafnarfjarðar (sbr. lið 2) og skili henni inn fyrir ákveðna dagsetningu. Í hverjum leik og grunnskóla verði stofnaður stýrihópur sem ber ábyrgð á faglegri vinnu á læsi innan hvers skóla.
5. Markmið í leikskólum taki mið af því að bæta málproska, hljóðkerfisvitund/hljóðavitund og stafabekkingu nemenda. Markmið í grunnskólum taki mið af því að allir nemendur fái daglega lestrarþjálfun upp allan grunnskólann. Komið verði til móts við einstaklinga þar sem þeir standa og markvisst unnið að því að forðast afturvirk t rof.
6. Unnin verði handbók sem allir skólar/kennarar fái afhent. Í handbókinni verði m.a.:
 - a. Heildstæð læsisstefna fyrir grunn- og leikskóla í Hafnarfirði.
 - b. Lestrarviðmið fyrir alla árganga grunnskóla.
 - c. Tiltekið hversu oft skuli mæla lestrarfærni (lesfimi – lesskilningur) og skima fyrir lestrarerfiðleikum.
 - d. Viðmið um hvenær sé þörf fyrir sérstaka íhlutun vegna frávika (grunnskóli).
 - e. Viðmið um hvenær sé þörf fyrir sérstaka íhlutun vegna frávika (leikskóli).
 - f. Yfirlit yfir þróun hljóðkerfisvitundar og stafabekkingar frá 4-6 ára.
 - g. Hugmyndir að því hvernig hægt er að virkja foreldra til samstarfs í læsismálum.
 - h. Verkerflar sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.
7. Sett verði upp vefsíða fyrir *Læsi í Hafnarfirði*. Þar verði safnað saman ýmsum grunnupplýsingum, fræðslufni fyrir foreldra og kennara, hugmyndabanki fyrir leik- og grunnskóla.



HAFNARFJÖRÐUR

8. Markviss fræðsla til foreldra um þróun málþroska, hljóðkerfisvitund, grunnþætti lesturs, lestur, lesskilning, málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar í gegnum leik. Fræðslan komi inn í gegnum þann skóla sem barnið dvelur í. Markviss fræðsla til kennara beggja skólastiga um þróun málþroska, hljóðkerfisvitund, grunnþætti lesturs, lestur, lesskilning, málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar í gegnum leik.

9. Leikskólar hugi sérstaklega að þeim börnum sem ekki sýna áhuga fyrir bókstöfum og / eða hafa frávík í hljóðkerfisvitund og veiti þeim þjálfun við hæfi. Sérstök áhersla verði lögð á börn sem eru sein til máls (Late Talkers) með snemmtækri íhlutun, ráðgjöf og eftirfylgd til foreldra.

Hafnarfjörður verði „sjálfbær“ hvað varðar að geta haldið PALS/K-PALS -námskeið fyrir kennara í leik og grunnskólum bæjarins. Tveir kennarar af hvoru skólastigi fái styrk til að mennta sig sem PALS þjálfarar/námskeiðshaldarar eða í sambærilegum gagnreyndum aðferðum.

10. Gert verði átak í því að fá menntaða leikskólakennara til starfa í Hafnarfirði.

11. Jákvæðar fréttir af uppbyggilegu skólastarfi verði sendar fjölmiðlum reglulega.

12. Haustið 2014 verði átakanu ýtt úr vör með því að boðið verði upp á fjölda fyrirlestra og kynninga fyrir bæði skólastig. Fengnir verða fulltrúar frá skólum innan og utan Hafnarfjarðar sem hafa verið að skara fram úr á sviði læsi. Gagnreyndar kennsluáðferðir kynntar og hagnýtar leiðir við úrlausn verkefna.

f.h stýrihóps um læsi

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri/sálfræðingur
Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar